



31. maí 2022
Tilv.: 2205152

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og rafræn birting), 568. mál.

Með tölvupósti, dags. 24. maí sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (gjaldmiðlaáhætta og rafræn birting).

Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri athugasemdum sínum við drög að frumvarpinu sem birt voru í Samráðsgátt stjórnvalda hinn 9. mars sl. Í fyrirbyggjandi frumvarpi virðist ekki að öllu leyti hafa verið brugðist við þeim athugasemdum sem Seðlabankinn kom á framfæri með þeirri umsögn í Samráðsgátt, dags. 31. mars sl. (sjá fylgiskjal).

Seðlabankinn telur mikilvægt að tekið verði tillit til þeirra athugasemda og eru þær því hér með áréttáðar við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

2. gr. frumvarpsins

Seðlabankinn leggur til að a. liður 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

- a. 3. töluliður 1. mgr. 36. gr. b orðast svo: Eignir og skuldir skv. 6. tölul. skulu samanlagt vera innan við 10% heildareigna.

Seðlabankinn telur rétt að í ákvæðinu verði vísað til eigna og skulda í stað neikvæðrar stöðu afleiðusamninga. Er það til samræmis við hugtakanotkun laganna. Þá er vakin athygli á því að ekki er um efnislega breytingu að ræða miðað við framkvæmd fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands við túlkun ákvæðisins.

Varðandi b. lið 2. gr. frumvarpsins leggst Seðlabankinn ekki gegn því að fella á brott kröfu um að unnt sé að selja, gera upp eða loka slíkum samningum samdægurs á raunvirði hverju sinni, sbr. b. lið 2. gr. frumvarpsins. Seðlabankinn telur hins

vegar nauðsynlegt að ákvæði sé að finna í lögnum sem bregst við þeirri gagnrýni á gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóða sem kemur m.a. fram í skýrslu um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008 og rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008. Með hliðsjón af þeirri gagnrýni leggur Seðlabankinn til að gerð verði krafa um að skilmálar afleiðna skuli vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður (ISDA).

Með vísan til framangreinds leggur Seðlabankinn til að 2. málsl. 5. mgr. 36. gr. b. orðist svo: „*Séu afleiður skv. 6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a. ekki skráðar á skipulegum markaði skal mótaðili lífeyrissjóðs lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt og skilmálar sammingsins vera í samræmi við rammasamning Alþjóðasamtaka um skiptasamninga og afleiður.*“

Þá leggur Seðlabankinn jafnframt til að lagt verði fyrir ráðherra að reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar verði breytt í þá vegu að hyggist lífeyrissjóður eða vörsluaðili séreignarsparnaðar beita afleiðum til að draga úr áhættu lífeyrissjóðsins þá skuli notkun þeirra byggja á skýrt skilgreindri stefnu sem tryggir að notkun afleiðna sé til þess fallin að draga úr áhættu og feli ekki í sér stöðutöku, t.d. í gjaldmiðlum.

3. gr. frumvarpsins

Með hliðsjón af þeim breytingum sem Seðlabankinn leggur til á a. lið 2. gr. frumvarpsins telur Seðlabankinn að 3. gr. frumvarpsins sé óþörf og að hún ætti að falla á brott.

4. gr. frumvarpsins

Seðlabankinn ítrekar það sem bent var á í áður nefndri umsögn vegna b. liðar 4. gr. frumvarpsins að það væri til bóta að skýrar kæmi fram í lagatexta eða greinargerð hvort núvirða ætti væntar lífeyrisgreiðslur eða ekki.

5. gr. frumvarpsins

Í fyrirliggjandi frumvarpi er, eins og í þeim drögum sem birt voru í samráðsgáttinni, lögð til ótímabundin undanþága frá því að gera ráðstafanir til úrbóta ef gjaldmiðlaáhætta lífeyrissjóðs fer fram úr leyfilegum mörkum sökum breytinga á gengi íslensku krónunnar eða verðhækkana á erlendum mörkuðum. Í samræmi við fyrri athugasemdir Seðlabankans er lagt til að undanþágan gildi til bráðabirgða og takmarkist við það hámark sem kveðið er á um í a. lið 4. gr.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Fylgiskjal: Umsögn Seðlabanka Íslands til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 31. mars 2022.